

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

124. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 2. maí 2013 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Ársreikningur 2012 – fyrri umræða:
3. Aðalfundur AÐ fyrir árið 2012:
4. Fundargerð stýrihóps um skólastefnu frá 22.04.2013:
5. Skólahreysti – beiðni um styrk:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 805. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson í forföllum Ástu Svavarsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 6. lið; Framkvæmdasjóður ferðamannastaða – samningur um styrk.

Samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur 2012 – fyrri umræða:

Ársreikningur sveitarfélagsins 2012 lagður fram til fyrri umræðu. Arnar Árnason endurskoðandi frá KPMG og fjármálastjóri mættu til fundarins undir þessum lið og fóru yfir reikningana. Reikningsniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 60,3 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 23,1 millj. kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Á heildina litið er neikvætt frávik frá áætlun 37,2 millj. kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta. Frávikið skýrist að mestum hluta af lægri tekjum m.a. vegna fólksfækkunar og ófyrirséðum útgjöldum. Veltufé til rekstrar er neikvætt um 15,7 millj. kr. Heildarskuldir eru 495,6 millj. kr. og skuldahlutfall – skuldir/rekstrartekjur A og B hluta er 66,3%.

Samþykkt að vísa reikningnum til síðari umræðu.

3. Aðalfundur AP fyrir árið 2012:

Lagt fram aðalfundarboð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga sem haldinn verður 7. maí n.k.

Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

4. Fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Þingeyjarsveit frá 22.04.2013:

Lögð fram fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Þingeyjarsveit frá 22. apríl s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

5. Skólahreysti – beiðni um styrk:

Lagt fram erindi frá Andrésí Guðmundssyni f.h. Skólahreysti þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 50.000 til verkefnisins.

Sveitarstjórn vísar erindinu til haustúthlutunar Félags- og menningarmálanefndar.

6. Framkvæmdasjóður ferðamanna – samningur um styrk:

Lagður fram samningur við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða um styrk til Þingeyjarsveitar vegna endurbóta á umhverfi við Goðafoss.

Sveitarstjórn staðfestir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann að fengnu samþykki landeigenda.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 805. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:35

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Árni Pétur Hilmarsson